



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 18. júlí 2023
2307805/600.03 SSF

Efni: Umsögn um veitingaleyfi í flokki II – Krónikan 200 ehf. – Hamraborg 4, F2229937.

Með tölvupósti dags. 14. júlí óskaði Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu eftir umsögn Kópavogsbæjar um umsókn Krónikunnar 200 ehf., kt. 510523-1990, Kópavogsbraut 4, 200 Kópavogi, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, að Hamraborg 4, skv. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. gr. rgl. nr. 1277/2016.

Samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 staðfestir sveitarstjórn, sem umsagnaraðili, að staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Um afgreiðslutíma áfengis vísast til lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015, þar sem fram kemur að á umfangslitlum áfengisveitingastöðum séu áfengisveitingar heimilar frá kl. 6:00 til kl. 23:00 alla daga en til kl. 23:30 á umfangsmiklum áfengisveitingastöðum, ákveði bæjarstjórn ekki annað. Afgreiðslutími áfengis er í umsókn tilgreindur virka daga og frídaga frá kl. 11:30 til 22:30.

Er um að ræða umsókn um rekstur A veitingahúss, sem samkvæmt 18. gr. reglugerðar nr. 1277/2016, er veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fulla þjónustu. Þá varðar umsóknin flokk veitingastaða nr. II sem, samkvæmt 17. gr. reglugerðarinnar, er umfangslítill áfengisveitingastaður þar sem starfsemi er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist og kallar ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.

Staðsetningin er á svæði sem skilgreint er miðsvæði í aðalskipulagi og er því umsóknin innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Með vísun í framangreint leggur undirritaður til að bæjarráð veiti jákvæða umsögn.

Virðingarfyllst,

Steinn Sigríðar Finnbogason
Lögfræðingur